

Reglugjörð

um viðauka við reglugjörð fyrir útbú Landsbankans á Akureyri 14. marz 1902.

Um ávöxtun fjár með sparisjóðskjörum.

1. gr.

Útbú Landsbankans á Akureyri tekur við fje til ávaxta með sparisjóðskjörum, minnst 1 kr. í senn. En þó er það eigi skylt til að taka á móti stórfje, þegar stjórn þess álitur það óhagnað fyrir útbúið.

2. gr.

Þegar innstæðan nemur 5 krónum, reiknast vextir af henni frá næsta degi eptir að fjeð er lagt inn, þó eigi í minni þörtum en heilum aorum. Vextir reiknast til 31. desbr. ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 500 krónum eða þar yfir er útbúið eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur inni en 2 mánuði.

3. gr.

Af fje því, sem útbúið ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska eptir án uppsagnarfrests, þegar útbússtjórnin sjer sjer það fært, en heimta má, að upphæðum frá 300—800 kr. sje sagt upp með viku fyrirvara, og upphæðum þaryfir með 3 mánaða fresti. Án 3 mánaða uppsagnarfrests er útbúinu eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

4. gr.

Þeim er í fyrsta sinn leggur fje inn með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, er hann greiðir 25 aora fyrir. Fyrir innlögum og útborgunum kvitta bókarinn og gjaldkerinn í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Það er eigi á ábyrgð útbúsins þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fje það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Í hvert skipti sem fje er lagt inn eða tekið út úr sparisjóð, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar, þegar þær næsta skipti eptir 14. janúar ár hvert eru sýndar í útbúinu. Útbússtjórnin löggildir viðskiptabækurnar.

5. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sjer til útbússtjórnarinnar, er annast um að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 10. gr. bankalaga 18. septbr. 1885. Kostnaðinn greiðir eigandi.

6. gr.

Útbússtjórninni er heimilt að segja lausu fje, sem er á vöxtum í útbúinu með sparisjóðskjörum, með 12 vikna fresti. Skal annaðhvort rita upp-

sögnina í viðskiptabókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sje birt í því **58** blaði í Reykjavík, er stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í, svo og einnig í **30.** maí blaði, er út kemur á Akureyri.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem upp sagt er.

7. gr.

Ef eigandi að innstæðufje hvorki leggur inn fje nje tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 5. gr., skorað á eiganda að hirða fjeð. Gefi hann sig ekki fram, áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en fjeð rennur ásamt vöxtum til útbúsins; þó má stjórn Landsbankans, ef rjettur eigandi gefur sig fram innan 5 ára, láta greiða honum fjeð að meira eða minna leyti, ef landshöfðingi leyfir.

8. gr.

Utbússtjórnin ákveður með samþykki Landsbankans, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu fje með sparisjóðskjörum. Breytingar á vöxtum skal með 3 mánaða fyrirvara auglýsa 3 sinnum í röð í blaði því í Reykjavík, er stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í.

9. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eigur annara í sparisjóði.

10. gr.

Sá er tekið hefir allt út úr viðskiptabók sinni, eður hún er útskrifuð, skal skila henni í útbúið, og sje hún útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

Stjórn Landsbankans í Reykjavík, 29. maí 1902.

Tryggei Gunnarsson. Kristján Jónsson. Eiríkur Briem.

Samþykkist.

Reykjavík 30. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.